

FUNDARGERÐ

Árið 2017, miðvikudaginn 20. desember kl. 11:15, var haldinn símafundur í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Á símafundi voru: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir, Ásgerður Gylfadóttir, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson

Nefndarmaðurinn Birgir Björn Sigurjónsson mætti á fundinn í Kalkofninn á 3. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 í Reykjavík, ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni og Gústav Aron Gústavssyni sem ritaði fundargerð.

Gengið var til dagskrár.

1. Greiðslu- og rekstraráætlun

Lögð voru fram drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2017 á grundvelli upplýsinga um endanlegar tekjur ríkis og nýrra áætlunar um tekjur sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að ríkisframlag hækki um 758 m.kr. frá fyrri áætlun þar sem skatttekjur ríkisins á árinu 2017 verða hærri en gert var ráð fyrir.

2. Jöfnun á tekjutapi vegna fasteignaskatts Uppgjör framlaganna

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endanlegu framlagi til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts fyrir árið 2017.

Á fundi ráðgjafarnefndar þann 9. júní sl. var samþykkt áætlað uppgjör fyrir framlög til jöfnunar á tekjutapi sveitarfélaga vegna fasteignaskatts fyrir árið 2017. Lagt er til að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns að hækka framlagið úr 4.284 m.kr. í 4.508 m.kr. fyrir árið 2017. Samkvæmt útreikningi nemur fjárþörf sveitarfélaga fyrir framlög á grundvelli reglugerðar nr. 80/2001 með síðari breytingum á árinu 2017 samtals um 6.168 m.kr. Úthlutað framlag 2017 nemur því um 73,1% af útreiknaðri heildarfjárþörf sveitarfélaga.

Nefndin samþykkir án athugasemda að hækka framlag til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts um 224 m.kr. og nemur því framlagið samtals 4.508.736.000 kr. á árinu 2017.

3. Tekjujöfnunarframlög Endurskoðun og uppgjör framlaganna

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endanlegum tekjujöfnunarframlögum fyrir árið 2017.

Á fundi ráðgjafarnefndar 14. desember sl. var samþykkt tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga fyrir árið 2017. Til grundvallar á útreikningi tekjujöfnunarframlaga er meðal annars framlag til sveitarfélaga til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts. Vegna breytinga á því framlagi hafa útreikningar á tekjujöfnunarframlagi verið endurskoðaðir. Lagt er til að framlög til

sveitarfélaga verði hækkuð úr 96,48% í 96,52% af meðaltekjum í viðkomandi viðmiðunarflokk. Endanleg tekjuföfnunarförlög nema samtals 1.250 m.kr. fyrir árið 2017.

Nefndin samþykkir án athugasemda að förlög til sveitarfélaga verði hækkuð upp í 96,52% af meðaltekjum í viðkomandi flokki. Jafnframt að eftirstöðvar förlagsins að fjárhæð 312.500.000 kr. komi til greiðslu fyrir áramót.

4. Útgjaldajöfnunarförlög Endurskoðun og uppgjör förlaganna

Á fundi ráðgjafarnefndarinnar 14. desember 2017 samþykkti nefndin tillögu til ráðherra um endanleg útgjaldajöfnunarförlög ársins. Þar sem tekjuskerðing útgjaldajöfnunarförlaganna tekur mið af endanlegum útreiknuðum tekjum miðað við tekjuföfnunarförlög ársins var tillaga nú lögð fram aftur til umfjöllunar og afgreiðslu.

Ráðgjafarnefndin samþykkti tillögu um úthlutun útgjaldajöfnunarförlags með viðbótar fjármagni sem nemur 900 m.kr. Með tilvísun til þessa nema endanleg útgjaldajöfnunarförlög 9.200,0 m.kr., 8.450,0 m.kr. á grundvelli A-hluta og 750,0 m.kr. á grundvelli B-hluta

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson